

Þriðjudaginn 28. apríl 1992.

Nr. 142/1988. **Hafsteinn Guðmundsson**
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)

gegn

Gunnari P. Jakobssyni
(Valgeir Kristinsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Vítur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. maí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, en stefndi verði dæmdur til að greiða sér 92.200 krónur með vöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Að lokum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda og að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest, auk þess sem áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krafðist áfrýjandi þess þá, að málinu yrði vísað frá héraðsdómi og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda. Stefndi krafðist þess aðallega, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Jafnframt krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðalflutningur máls þessa í héraði fór fram 6. apríl 1987, og var málið þá dómtekið. Það var endurupptekið og endurflutt hinn 11. ágúst 1987, og var sú skýring gefin, að ekki hefði reynst unnt að leggja dóm á málið innan hæfilegs tíma frá málflutningi vegna dvalar annars meðdómandans erlendis. Dómur var svo kveðinn upp

9. október 1987, átta vikum og þremur dögum eftir munnlegan málflutning og dómtöku málsins í annað sinn. Er þessi dráttur á dómsuppsögu freklegt og vítavert brot á ákvæðum 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur málflutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og leggja fyrir héraðsdóm að taka málið til munnlegs flutnings og dómsuppsögu að nýju. Samkvæmt þessu verður hin áfrýjaða fjárnámsgerð felld úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og ber héraðsdómi að taka málið upp að nýju til munnlegs flutnings og dómsuppsögu.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu varð töf á uppsögu dóms eftir síðari flutning málsins á bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem fram fór, meðan réttarhlé stóð yfir. Er þess getið í dómi bæjarþingsins, að töfin hafi orðið vegna sumarleyfis dómara. Áfrýjandi gerði ekki kröfu um ómerkingu dómsins í stefnu eða greinargerð. Hefur ekki verið bent á missmíði á dóminum, er rekja megi til tafarinnar eða torveldi meðferð málsins fyrir Hæstarétti, en hingað er því áfrýjað til endurskoðunar frá grunni. Tel ég ekki óhjákvæmilegt að vísa málinu heim vegna dráttar á dómsuppsögu í héraði, og sé rétt eftir atvikum, að flutningi þess verði fram haldið.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 9. október 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. ágúst sl., hefur Gunnar P. Jakobsson, Hjallabraut 39, Hafnarfirði, nnr. 3365-3735, höfðað fyrir dóminum með

stefnu, birtri 9. maí 1985, á hendur Hafsteini Guðmundssyni, Norðurbraut 27 B, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær í aðalsök, að stefnda verði gert að greiða sér 151.674 kr. með 36% ársvöxtum frá 13.2. 1985 til 1.3. s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Í gagnsök krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda eru í aðalsök gerðar þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Í gagnsök, sem þingfest var 27. maí 1986, gerir stefndi þær kröfur, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér 92.200 kr. auk 3,75% vaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 28.8. 1985 til 1.3. 1986, með 2,75% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til 1.4. 1986 og með 2,25% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

— — —

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hafsteinn Guðmundsson, greiði stefnanda, Gunnari P. Jakobssyni, 109.000 kr. með 36% ársvöxtum frá 13.2. 1985 til 1.3. 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 9.5. 1985, með dómvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1987, en frá þeim degi og til greiðsludags með vöxtum jafnháum vegnu meðaltali ársávöxtunar á nýjum almennum útlánnum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands hverju sinni, sbr. vaxtalög nr. 25/1987, og 60.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.
